

Mál nr. 203/2012**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns bifhjóls.****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna slyss á ökumanni bifhjóls.****Gögn.**

92. Málskot, móttækið 14.5.2012, ásamt fylgigögnum.
93. Bréf X, dags 29.5.2012, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 14.5.2011 kveðst M hafa tekið þátt í Íslandsmóti í þolakstri á svokölluðu Bolöldusvæði og hafi þá ekið bifhjólinu A. Er hann hafi tekið krappa beygju og rekið vinstri fót í jörðina hafi hann meiðst við það á hné. Hann hafi lokið keppninni, en fundið næstu daga og vikur fyrir verkjum í hnénu. Hinn 14.6.2011 leitaði M til heimilislæknis síns sem sendi hann í segulómun af hnénu. Niðurstöður þeirrar rannsóknar voru eftirfarandi: „Ummerki fersks beináverka greinast ekki. Það er smá vökvi í liðnum. Áverkamerki sjást ekki á femuropatellar lið. Bæði krossbönd afmarkast og eru heil. Fremri hluti mediala menisks er fremur rýr en breytingar sem vekja grun um meniskrifur greinast ekki hvorki medíalt né lateralt. Collateral ligament líta eðlilega út. Eðlilegt segulskin er frá infrapatellar sin.“ Hinn 17.8.2011 leitaði M til bæklunarlæknis. Í vottorði læknisins segir að M hafi reynst með hrörnunarbreytingar í báðum hnjám, þetta séu aðallega brjóskbreytingar og vægur óstöðugleiki í vinstra hné eftir áverka í mótorkrossi 14.5.2011. Ekki sé ástæða til viðgerða á aftara krossbandi, en M verði að styrkja mjög lærin, nota spelku við mótörhjólaiðkun og hugsanlega leiði þetta ástand til slitgigtar síðar á ævinni.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns A vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins eru mjög af skornum skammti, bæði hvað varðar það atvik sem M kveðst hafa orðið fyrir og hafi valdið áverka á vinstra hné, svo og um tjónið sjálft. M hélt áfram keppni eftir atvikið og samkvæmt gögnum málsins er engum vitnum til að dreifa. Engar matsgerðir liggja fyrir í málinu varðandi tengsl sjúkdómseinkenna hans í hnénu og þess atviks sem hann kveðst hafa orðið fyrir. Eftir atvikum öllum verður að telja ósannað að M hafi orðið fyrir slysi sem bótaskyldt sé úr slysatryggingu ökumanns A. Hann á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

Líkamstjón M er ekki bótaskyldt úr slysatryggingu A hjá X.

Reykjavík, 12. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.